

## Fundargerð – 2. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint

Málsnúmer: FOR09030068  
Skráð: 20. mars 2009  
Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson(FOR/NotesSTJR)

Fundargerð: 2. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint (fjármálalegur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar) kl. 10 þann 17. mars 2009, Fjármálaráðuneytinu, Reykjavík.

### Viðstaddir

Guðmundur Árnason (formaður í fjarveru Indriða H. Þorlákssonar), Mats Josefsson, Þórhallur Arason, Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfells fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Daníel Svavarsson frá Seðlabankanum. Paul Baines, Andrew Lynn, Charles Williams, Andrew Speirs og Rupert Pepper frá Hawkpoint. Tómas Brynjólfsson, ritari nefndarinnar.

1. Guðmundur Árnason fer yfir fyrsta fund stýrinefndarinnar þann 10. mars.
2. Hr. Baines fór fyrir kynningu Hawkpoint á drögum að fyrsta mati, sem dreift var til nefndarinnar. Hann sagði skbr./fjármálagerninginn vera líklegt að verða mjög flókið. Einnig væri ekki skýrt fyrir hvern Deloitte væri að vinna, sem þyrfti að skýra vegna allra sem hlut ættu að máli. Hr. Baines sagði einnig að kröfuhafar væri ánægðir með að eitthvað væri nú að gerast og að þeir hefðu einhvern að tala við.

Hr. Árnason sagði það mikilvægt að viðhalda öguðum viðræðum við kröfuhafana. Það þyrfti að vera sameiginlegur skilningur hver væri bær til að tala við hvern. Hann sagði það mikilvægt að trufla ekki samband skilaneftanna og kröfuhafanna. Ríkið vill friðþægja kröfuhafa eins og mögulegt er. Samningaviðræðurnar eru hinsvegar, tvíhliða milli ríkisins og fjármálalegra ráðgjafa gömlu bankanna.

Hr. Baines sagði að Hawkpoint hefðu tekið á móti fjölda beiðna um fundi frá kröfuhöfunum. Hawkpoint væri núna reiðubúið að hlusta en fundir væru takmarkaðir við óformlegar samræður. Skilaneftirnir ættu hinsvegar ekki að vera útilokaðar frá málinu. Hr. Baines sagði að það væri mikilvægt að ná skipulagi bankanna réttu. Ríkisstjórnin þyrfti að átta sig á hverju hún vildi ná fram. Hann sagði að Hawkpoint liti svo á að það væri ekki í þágu ríkisstjórnarinnar að bjóða hlutafé til utanaðkomandi fjárfesta í gegnum skbr./fjármálagjörninginn.

3. Hawkpoint dró fram grunnatriði sem snéri að bönkunum:

- a. gæði inneigna
- b. FX ójafnvægi ( gengislán )
- c. verðtryggingarmisræmi
- d. stöðugleiki innlána
- e. breytingar eftir stofnfærslur

- a. Gæði inneigna

- Lán til eignarhaldsfélaga voru færð niður um 75% í október. Það kæmi Deloitte ekki á óvart ef þetta hlutfall yrði hærra.
- Einstaklingar virðast ná að vera í skilum með skuldir sínar.
- Stærstu vandamálin í tengslum við FX lán. Þessi lán eru í mörgum tilvikum ekki í skilum vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar.

Andrew Lynn sagði bankana vita verkefnin framundan. Hinsvegar efist Hawkpoint um að bankarnir hafi nægjanlegan mannafla, þrátt fyrir að þeir séu með rétta hugarfarið. Gott fólk er að yfirgefa bankana. Hann efaðist jafnframt hvort nægjanlegan löglærðan mannafla til að slíta öllum fyrirtækjunum. Svo virðist sem bankarnir séu að bíða eftir Deloitte niðurstöðu. Bankarnir segjast þurfa niðurstöður Deloitte til að halda áfram með málið.

Hr. Josefsson sagðist hræðast að enginn væri að hafa eftirlit með bönkunum. Hann sagði það geta tekið tvo mánuði til viðbótar að setja upp the AMC.

Hawkpoint sagði að stjórnir bankanna þyrftu að gera sér grein fyrir að endurskiplagning væri þeirra mikilvægasta verkefni núna. Eigandi bankanna þarf í þessu ástandi að hámarka virði í endurskiplagningarferlinu. Það væri ótti um að starfsfólkið væri ekki nógu reynt eða áhugasamt til að ljúka endurskiplagningarferlinu, miðað við þrautþjálfaða og reynda alþjóðlega endurskiplagningar sérfræðinga. Ferlið er sérlega flókið og það er þörf fyrir að ríkisstjórnin setji eftirlit í gang. Afskriftir er hættulegasta leiðin við núverandi aðstæður að álitu Hawkpoint.

Frú Valfells efaðist um hvort stjórnirnar hefðu réttu þekkinguna til að fást við þetta ferli.

Hr. Speirs sagði að stjórnirnar sæu ekki að endurskiplagning væru þeirra megin verkefni.

Hr. Þorsteinsson spurði hvort AGS (IMF) gæti sent endurskiplagningar tæknilegt aðstoðarlið. Hr. Josefsson sagði að AGS gæti ekki ráðlagt einstaka fyrirtækjum (bankarnir). Hann lagði til World bank eða IFC sem hugsanlega valkosti. Hann sagði að AGS hefði séð fyrir ráðningu um 20-30 manna liðs úr einkageiranum. Það gæti farið í bankana og fundið útlán í vanskilum. Einhver lán yrðu flutt til AMC. Markmiðið væri hinsvegar, að halda eins stórum hluta innan bankanna og að bankarnir yrðu að greiða fyrir þessa þjónustu.

Hawkpoint sagði það vera mikilvægt að AMC skipulagið væri sett upp til að hjálpa bönkunum, ekki í andstöðu við þá.

Hr. Svavarsson sagði að ríkisstjórnin þyrfti að vera leiðandi í að setja reglurnar um viðskipta siðferði.

Hr. Árnason sagði mikilvægt fyrir eigandann að leggja línur og meta sína hagsmuni. Stefnu þyrfti að móta hjá fjármálaráðuneytinu og framkvæma í hverjum banka fyrir sig. Þar vantaði einbeitingu og getu við endurskiplagninguna.

Hr. Arason sagði að Fjármálaráðuneytið hefði nú þegar ráðið sérfræðing á þessu sviði.

b. FX misvægi.

Hawkpoint sagði að skbr./fjármálagjörningurinn gæti ekki leyst úr FX ójafnvæginu í heild. Það er þörf á að leysa þetta vandamál hratt, þar sem bankarnir hafi stóra niðurfærða stöðu FX gengislána. Hawkpoint kynnti nokkrar leiðir til að leysa FX misvægið, með skbr./fjármálagjörningi í gegnum ríkisstjórnina, með skipti fyrirkomulagi, með endurskiplagningu FX lána í innlend lán og með skiptum við gömlu bankana sem mótaðila. Hawkpoint sagði það vera mikilvægt að nota skipti við Seðlabankann fyrir stóran skerf af vandamálinu.

Hr. Svavarsson benti á að það væru ákveðin vandamál við skiptinguna, þ.e. að bankarnir eru að stórum hluta langir svissneskir frankar og japönsk jen.[sic] Skiptingin gæti jafnframt aðeins leyst hluta vandamálsins. Bankarnir þyrftu að enduruppfæra myntlánin eins og þeir gætu. Hann vildi að bankarnir kæmu með tillögur að skiptum við ríkisstjórnina (ríkið). Þessar tillögur yrðu síðan metnar.

Hr. Þorsteinsson lagði áherslu á að misvægi FX ójafnvægis yrði skipt út frá október til að útrýma neikvæða stöðu síðan þá og þurrka út tap bankana af þessu vandamáli. Skiptin skildu vera í takmarkaðan tíma svo bankarnir gætu klárað FX útlánin. Hann vildi einnig skiptin til að útrýma vaxtastigs áhættu.

Hr. Svavarsson benti á að skipti frá október gætu verið vandasöm gagnvart öðrum fjármálastofnunum. Fjármálaráðuneytið hefði því þegar rætt þetta vandamál. Kostnaður gæti einnig orðið áhyggjuefni vegna samninga við AGS um að framhalda ekki þjóðnýtingu taps.

Hr. Williams sagði að bankarnir væru að gera ráð fyrir að þessari áhættu yrði skipt út og að þeir þyrftu ekki að afhafast sjálfir. Hann sagði að bankarnir þyrftu að leiða framkvæmdina en að hún þyrfti eftirlit og yfirsýn

frá ríkisstjórninni.

Hr. Josefsson benti á að allt þetta ójafnvægi þyrfti að vera leiðrétt áður en endurskoðuninni lýkur þann 15. apríl.

Hr. Williams og hr. Josefsson sögðu að eigendur bankanna þyrftu að beina athyglinni að því að leiða þessa framkvæmd.

Hr. Arason sagði að vinnuhópur um FX ójafnvægið, myndi fljótlega skila loka tillögum og að allir (í fjármálaráðuneytinu) skyldu vandamálið.

Hr. Josefsson og hr. Svavarsson sögðu að það væri lykilatriði að ríkið gæti ekki tekið á sig meiri kostnað vegna AGS áætlunarinnar.

#### c. Verðtryggingaójafnvægi

Hawkpoint bent á að lægri verðbólga hjálpaði ójafnvægi verðtryggingar. Verðtrygginga misræmi er jafnframt viðráðanlegra í gegnum skbr. / fjármálagjörninginn heldur en FX ójafnvægið. Það er líka til staðar fjármálaleg leið í gegnum HFF. Breytingar á lögum og reglugerðum sem takmörkuðu verðtryggingu við langtímalán gætu jafnframt leyst hluta þessa vandamáls.

Bankarnir hinsvegar byggjust við að skbr. / fjármálagjörningurinn myndi einnig leysa þennan mismun.

Hr. Svavarsson ítrekaði að bankarnir þyrftu að hreinsa upp þetta ójafnvægi áður en þeir gætu átt von á skipti samningum við Seðlabankann.

Hr. Þorsteinsson vill leysa ójafnvægi vísitölu, í gegnum skiptisamning. Seðlabankinn þarf einnig að setja reglur um verðtryggingu því minni líkur væru á áhættuvörn í núverandi umhverfi.

Frú Valfells sagði að Seðlabankinn yrði að reikna út kostnað við frystingu veðlána.

#### d. Stöðugleiki innlána

Hawkpoint sagði að innlán gætu dregist saman í kjölfar afléttingar gjaldeyrishafta. Lífeyrissjóðir eru einnig mjög ríkir af lausafé um þessar mundir. Það er möguleiki að þessi innlán muni lækka umtalsvert þegar þau færast í aðrar fjárfestingar.

#### e. Hreyfingar eftir stofnfærslur

Hr. Árnason sagði að það hefðu verið tvær stórar tilfærslur á eignum, sem í raun hefðu tilheyrt erlenda hluta bankans, (sem í eðli sínu hefðu tilheyrt gamla bankanum). Hann sagði að tilfærslur frá nýju til gömlu bankanna þyrftu að verða samþykktar. Samkvæmt ítarlegum samræðum við Landsbanka hefðu allar tilfærslur verið samþykktar að fullu.

Hr. Josefsson sagði að honum líkaði ekki eignatilfærslurnar þar sem þær skekktu myndina. Hann vildi vita hver átti upphafið að tilfærslunum.

Hr. Williams sagði að það væri mjög mikilvægt að skrá allar tilfærslur og að skynsemin væri ljós og í samræmi við upphaflegu skilin.

Hr. Árnason lagði til að spurningin um eignatilfærslur yrði lögð fyrir samræmingarnefndina.

#### 4. Framgangin til þessa.

Hawkpoint hefur hitt alla fjárhagsráðgjafa gömlu bankanna. Morgan Stanley þykja erfiðastir að eiga við, á meðan Barcap finnst sem þeir hafi minni upplýsingar en hinir. Þeir óttast einnig að kröfuhafarnir muni beina ágreiningsmálum sínum til dómstólanna. Fjárhags ráðgjafarnir vilja að óháðir aðilar hafi aðgang að ítarlegum upplýsingum í Deloitte ferlinu. Það er þörf á að skýra hvaða gögn nýju bankarnir skuli afhenda

fjárhags ráðgjöfunum. Hawkpoint hefur áhyggjur af stjórnun vegna eignarhalds ríkisins.

Hr. Williams benti á að FME hafi sent bréf vegna skipta á upplýsingum. Þær ráðleggingar hafi hinsvegar verið túlkaðar á mismunandi hátt. Það var samþykkt að fjármálaráðuneytið þyrfti að koma fram sem eigandi gagnvart þessu máli, á meðan FME setur reglurnar.

Hawkpoint var boðið að halda 10 mínútna kynningu á fyrsta fundi samræmingarnefndarinnar með kröfuhöfum (3ja miðvikudag hvers mánaðar). Nærvera þeirra til að sýna að allir aðilar aðgerðanna eru að vinna saman.

Hr. Árnason sagði að sambandið við kröfuhafana hefði orðið betra þessar síðustu vikur. Ferlið þyrfti að vera skýrt og í réttari röð.

5. Minnisblað um sameiginlegan skilning ( MoU ).

Hawkpoint lagði til að MoU yrði undirritaður milli skilaneftanna, ríkisstjórnarinnar og nýju bankanna vegna óuppgerðra mála þegar ferlið væri fært lengra og það væru upplýsingar (að meðtöldum endurskoðunarskýrslum, nákvæmum viðskiptaáætlunum og tilheyrandi skiptasamningum sem færir ferlið nálægt enda. Þetta minnisblað um sameiginlegan skilning (MoU) yrði gert opinbert og myndi leggja línur fyrir loka lausnina. Þetta minnisblað um sameiginlegan skilning ( MoU ) gæti orðið skýr áfangi þar sem núverandi tímaáætlun liti út fyrir að vera óraunhæf. Hlutfjáráukningu gæti ekki lokið þar til eftir samþykkt skbr./fjármálagjörningins. Skbr./fjármálagjörningurinn þyrfti að vinna með samkomulagi um eiginfjárstöðu.

Hr. Williams sagði að endurfjármögnum og skbr./fjármálagjörningurinn þyrfti að vera lokið á sama tíma. Stjórnir bankanna þyrftu að samþykkja viðskiptaáætlanirnar og kvitta upp á endurskoðunina. Öll núverandi vinna þyrfti að koma saman á einn stað.

Hr. Þorsteinsson sagði vera þörf á dagsetningu frá bönkunum.

Hr. Josefsson sagði endurskoðunina vera helsta vandamálið.

Hr. Svavarsson skýrði út að AGS ætti von á að skbr. / fjármálagjörningurinn yrði í formi hlutabréfa. Það væri þörf á að taka tillit til sjálfbærni skulda við útgáfu skbr./fjármálagjörningins. Skbr./fjármálagjörningurinn þarf að vera að minnsta kosti / equity like as possible. Einnig liti AGS náið á óvissar skuldir ríkisins. Með ríkið sem eina eigandann ykjust þessar skuldbindingar umtalsvert.

Hr. Valfells benti á að það væri tregi á Íslandi að gefa út venjuleg forgangshlutabréf.

Hr. Arason sagði að fjármálaráðuneytið væri að vinna að stefnumörkun um hlutverk ríkisins sem eiganda.

Hr. Þorsteinsson sagði að það væri mikilvægt fyrir kröfuhafana.

Áhyggjum var lýst yfir að Deloitte matsferlið gæti leitt til of hátt metinna eigna.

Hr. Þorsteinsson lýsti yfir áhuga á að nota Hawkpoint sem ráðgjafa fyrir hlutfjáráukningu.

Hawkpoint og hr. Þorsteinsson voru beðnir um að ýta við bönkum til að hefja vinnu til að leiðrétta það sem þeir gætu af ójafnvægi. Það þyrfti einnig að biðja bankana um ítarlegri upplýsingar og að þeir segðu hvers konar samninga þeir vildu. Ríkið hefði ekki fallist á skiptasamninga og þyrfti að sjá hvað bankarnir vildu.

6. Næsti fundur var ákveðinn þriðjudaginn 24. mars.